

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið

Aðeins sent í tölvupósti: nefndasvid@althingi.is

24. apríl 2017

Hér eftir fer umsögn Landverndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, þingskjal 542, þingmál 411.

- (1) Landvernd tekur undir að ferðamannastaðir sem hljóta úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða skulu vera opnir gjaldfrjálsri umferð almennings, sbr. 1. gr. d-liðar frumvarpsins. Landeiganda eða umsjónaraðila lands er þó veitt heimild til að taka gjald fyrir veitta þjónustu. Í greinargerð frumvarpsins eru hinsvegar engar leiðbeiningar eða útskýringar á hvað átt er við með *veittri þjónustu*. Landvernd varar við gjaldtöku sem stangast getur á við almennarétt skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013, og telur að nauðsynlegt sé að útskýra þetta nánar og hvort gjaldtaka fyrir *veitta þjónustu* geti stangast á við almennarétt eða gjaldfrjálsa umferð almennings sbr. 1. málslíður, 2. mgr., 1. gr. d-liðar frumvarpsins.
- (2) Þannig má benda á að í frumvarpsdrögum umhverfis- og auðlindaráðuneytis um breytingar á lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum og Vatnajökulspjóðgarð, sem birt voru á vefsíðu ráðuneytisins þann 11. apríl sl. eru dæmi tekin í greinargerð um hvað felist í *veittri þjónustu*, en það sé m.a. **aðgangur að göngustígum**, bílastæðagjöld og salerni. Landvernd er **mótfallin almennri gjaldtöku fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum** eins og virðist felast í frumvarpsdrögum ráðuneytisins a.m.k. án þess að fram fari um það lýðræðislega umræða, en hún hefur ekki átt sér stað. Landvernd tekur fram að samtökin setja sig ekki upp á móti því að fólk borgi fyrir þjónustu eins og salerni, að tjalda og þess háttar. Ekki er á nokkurn hátt skýrt í þingmáli 411 (þessu máli) hvað átt er við með *veittri þjónustu* og óskast það útskýrt.
- (3) Landvernd minnir á að í heildarúttekt OECD á umhverfismálum árið 2014¹ koma fram þau tilmæli stofnunarinnar að fjármagna þurfi innviði á ferðamannastöðum til verndar íslenskri náttúru. Hefur það og verið markmið íslenskra stjórnvalda á undanförunum árum. Á þetta auðvitað jafnt við um ferðamannastaði í eigu ríkisins og í eigu eða umsjá sveitarfélaga og einkaaðila. Landvernd leggur ríka áherslu á að lagabreyting sú sem hér er kynnt, megi ekki á nokkurn hátt leiða til þess að tekjustofnar verði teknir af þeim svæðum sem eru í eigu ríkisins, þ.m.t. náttúruverndarsvæðum, þ.e.a.s. tryggt verður að vera að landsáætlun skv. lögum

¹ <https://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/2627>.

nr. 20/2016 njóti nægjanlegra fjárheimilda Alþingis. Af frumvarpsdrögum þeim um breytingar á lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum og Vatnajökulsþjóðgarð sem nefnd eru hér að ofan er skýrt að stefnan er sett á að beita gjalddöku fyrir aðgang að þjóðgördunum til að fjármagna uppbyggingu og viðhald innviða. Er hér um stefnubreytingu að ræða þar sem almenningur í landinu er krafinn gjalds fyrir að heimsækja náttúruverndarsvæði á Íslandi. Ólíklegt er að sátt verði um það á meðal náttúruverndar- og útivistarfólks. Þá vekur þetta upp spurningu um hvort að verið sé að falla frá því að fjármagna landsáætlunina um uppbyggingu innviða á svæðum í eigu ríkisins, sbr. lög nr. 20/2016, með framlögum úr ríkissjóði.

- (4) Landvernd gagnrýnir að samkvæmt frumvarpsdrögum er ekki gert ráð fyrir að fulltrúa með fagþekkingu á sviði umhverfismála í stjórn sjóðsins. Það hlýtur að skjóta skökku við að einungis hagsmunaaðilar (Samtök ferðaþjónustunnar og sveitarfélögin) sem njóta eiga styrkja úr sjóðnum auk ráðuneytis ferðamála eigi fulltrúa í stjórn sjóðsins. Úr þessu þarf að bæta með því að umhverfis- og náttúruverndarsamtök og einnig stjórnvöld og/eða fagstofnanir umhverfismála geti tilnefnt fulltrúa í stjórn sjóðsins.
- (5) Landvernd gagnrýnir þá stefnu að ekki megi nota markaða tekjustofna til hvorki landsáætlunar né Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, og óttast að fjármögnun mikilvægra verkefna verði háðari pólitískum ákvörðunum en áður hefur verið og að fjárframlög komi til með að dragast saman.
- (6) Landvernd leggur ríka áherslu á að gætt verði að gæðamálum við uppbyggingu innviða, hvernig framkvæmdir falla að landi og hvar þær eru nauðsynlegar og hvar ekki, einnig m.t.t. þess hvort það henti að byggja upp innviði á viðkomandi stað frekar en að beita t.d. aðgangsstýringu með takmörkunum á fjölda.
- (7) Landvernd leggur einnig ríka áherslu á virkt eftirlit og eftirfylgni með verkefnum sem hjóta styrk bæði af landsáætlun og úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, enda um almannafé að ræða sem nýta verður vel.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
framkvæmdastjóri Landverndar.